

Mánudaginn 30. maí 1988.

Nr. 342/1987. **Ákærvaldið**

(Bragi Steinarsson vararíkissaksóknari)
gegn

Ómari Erni Sæmundssyni

(Kjartan Reynir Ólafsson hrl.)

Bífhjól. Brot gegn umferðarlögum.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Skaftason, Benedikt Blöndal og Guðrún Erlendsdóttir.

Máli þessu var áfrýjað til Hæstaréttar að ósk ákærða með stefnu 14. október 1987 og af hálfu ákærvaldsins til staðfestingar á refsingu og sviptingu ökuréttinda.

Málsatvikum er lýst í héraðsdómi. Samkvæmt ákvörðun Karls F. Jóhannssonar fulltrúa sýslumannsins í Árnessýslu var ákærði sviptur ökuleyfi til bráðabirgða frá 21. ágúst 1984, en þann dag var honum í sakadómi Árnessýslu boðið að ljúka máli sínu með dómsátt, er hann hafnaði. Svipting ökuleyfis stóð til 20. mars 1985, er hún var felld niður og honum afhent ökuskírteini sitt.

Staðfesta ber niðurstöðu hins áfrýjaða dóms um það, að sannað sé að ákærði hafi gerst sekur um að aka á 114 km hraða miðað við klukkustund norður Þrengslaveg aðfararnótt fimmtudagsins 7. júní 1984. Þar er vegur með bundnu slitlagi og hámarkshraði þá 70 km á klst., sbr. 50. gr. 2. mgr. umferðarlaga nr. 40/1968. Við gildistöku umferðarlaga nr. 50/1987 var hámarkshraði við þessar aðstæður ákveðinn 90 km á klst., sbr. 37. gr. 2. mgr. þeirra laga.

Í 2. lið ákæru er ákærða gefið að sök að hafa ekið „með allt að 144 kílómetra hraða suður Óseyrarbraut í Þorlákshöfn“ að kvöldi laugardagsins 14. júlí 1984. Fyrir dómi kvaðst hann „telja að hann hafi ekið á 70 til 75 km hraða ... og ... hafa litið á hraðamæli hjólsins um leið og hann ók fram hjá lögreglubífiðinni“. Þetta er í þéttbýli og hámarkshraði skv. 50. gr. 1. mgr. umferðarlaga nr. 40/1968 sbr. 1. gr. laga nr. 16/1977 50 km á klst. Í 37. gr. 1. mgr. umferðarlaga nr. 50/1987 er hámarkshraði þessi óbreyttur. Er þetta gerðist voru tveir lögreglumenn staddir með lög-

reglubifreið á bensínstöð. Annar þeirra sat undir stýri en hinn stóð við bifreiðina. Á þessari stundu voru þeir ekki að eftirlitsstörfum en hraðamælitæki í gangi. Er ákærði nálgadist á bifhjóli sínu heyrðist í mælitækinu. Báðir kváðust lögreglumennirnir hafa titið á tækið og það sýnt hæst hraðatöluna 144 km á klst. Tækið var ekki þannig stillt að það stöðvaðist við hæstu mælitölu. Eins og hér stóð á þykir varhugavert að telja sannað, að ákærði hafi ekið á 144 km hraða miðað við klukkustund. Samkvæmt framburði lögreglumannanna að öðru leyti og frásögn hans sjálfs er hins vegar sannað, að hann ók mun hraðar en lög leyfa. Ber því einnig að staðfesta niðurstöðu um sekt hans hvað varðar þennan ákærulið.

Samkvæmt 2. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 ber nú að dæma mál ákærða eftir ákvæðum umferðarlaga nr. 50/1987. Brot ákærða varða við 37. gr. 1. og 2. mgr. þeirra laga, svo sem að framan er rakið. Samkvæmt þeim og 100. gr. sömu laga og með hliðsjón af 77. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin 15.000,00 króna sekt í ríkissjóð.

Með vísan til forsendna héraðsdóms ber að staðfesta niðurstöðu hans um sviptingu ökuleyfis, sbr. nú 101. gr. laga nr. 50/1987.

Samkvæmt þessu ber að staðfesta niðurstöðu héraðsdóms um sakarkostnað og dæma ákærða til greiðslu alls áfrýjunarkostnaðar málsins, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð og málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns, svo sem greinir í dómsorði.

Mikill dráttur hefir orðið á rekstri máls þessa. Er eigi gerð grein fyrir því í héraðsdómi, hverjar ástæður séu til þessa dráttar.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Ómar Örn Sæmundsson, greiði 15.000,00 krónur í sekt til ríkissjóðs og komi 10 daga varðhald í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Staðfest er ákvæði héraðsdóms um sviptingu ökuréttinda og greiðslu sakarkostnaðar í héraði.

Áfrýjandi greiði allan áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð 20.000,00 krónur og laun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, Kjartans Reynis Ólafssonar hæstaréttarlögmanns, 20.000,00 krónur.

Dómur sakadóms Árnæssýslu 1. september 1987.

Mál þetta sem dómtekið var 25/8 sl. er höfðað með ákæru útgefinni 2. nóvember 1984 „á hendur Ómari Erni Sæmundssyni nema, Skálholtsbraut 15, Þorlákshöfn, fæddum í Stykkishólmi 13. júlí 1960, fyrir að aka bifhjólinu R-31084 yfir löglegum hámarkshraða á árinu 1984 eins og rakið er:

1.

Ekið með allt að 114 km hraða norður Þrengslaveg í Árnæssýslu skammt sunnan Sandfells aðfararnótt fimmtudagsins 7. júní.

Telst þetta varða við 2. mgr. 50. gr. sbr. 80. gr. umferðariaga nr. 40, 1968 sbr. lög nr. 51, 1976.

2.

Ekið með allt að 144 km hraða suður Öseyrarbraut í Þorlákshöfn laugardagskvöldið 14. júlí.

Telst þetta varða við 1. mgr. 50. gr. sbr. 80. gr. umferðarlaganna.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar, til ökuleyfissviptingar samkvæmt 81. gr. umferðarlaga og til greiðslu alls sakarkostnaðar.“

Um ákærunið 1.

Fimmtudaginn 7. júní 1984 kl. 01:15 voru lögreglumenn við umferðar eftirlit á bifreiðinni X-2. Í bifreiðinni var ratsjá af gerðinni Kustom KR 10.

Í skýrslu Guðmundar Hartmannssonar aðstoðarvarðstjóra segir að ökumaður R-31084 hafi komið akandi norður Þrengslaveg á bifhjól af Honda gerð. Var þetta sunnan við Sandfell. Ratsjá var innan við framrúðu í lögreglubifreiðinni og var mæling gerð skömmu áður en farartækin mættust.

Samkvæmt ratsjarmælingu var hraði bifhjólsins 114 km miðað við klst.

Í skýrslunni segir einnig að ökumaður, sem var ákærði, hafi kveðið mælingu ranga og talið sig hafa ekið á nálægt 95-100 km hraða.

Guðmundur Hartmannsson aðstoðarvarðstjóri gaf skýrslu um atvik þetta hjá lögreglufulltrúa 13. september 1984. Þar segir m.a. að þeir Eiríkur Hallgrímsson varðstjóri hafi ekið suður Þrengslaveg og hafi verið rökkur er þeir sáu tvö ljós koma á móti þeim. Þeir hafi séð að þetta voru tvö bifhjól. Þegar hjólin nálguðust sáu þeir að annað var aðeins á undan og við hægri brún olíumalarinnar en hitt hjólið nokkru innar á veginum. Hafi verið sjáanlegt að hjólinum var ekið með sama hraða. Ratsjain hafi sýnt hraðann 114 km. Ákærði hafi verið ökumaður annars bifhjólsins og hafi hann rengt mælinguna.

Vitnið Guðmundur Hartmannsson kom fyrir dóm þ. 13. maí 1985. Í skýrslu hans segir að ratsjá sem var í lögreglubifreiðinni hafi verið í gangi

eins og venja sé þegar lögreglumenn séu í eftirliti. Tvö bifhjól hafi komið inn á ratsjána, en hún hafi mælt hraða beggja bifhjólanna. Hún sé þannig gerð, að ef tvö farartæki komi inn í mælisvið hennar á mismunandi hraða, þá skipti hún á milli farartækjanna og komi þá hljóðbreytingar fram í ratsjónni þegar hún skipti á milli farartækjanna, svo fremi annað ökutækið sé ekki í beinni línu fyrir aftan hitt. Hins vegar hafi ratsjain ekki skipt á milli farartækjanna vegna þess að farartækin voru á sama hraða, en í þessu tilfelli hafi bifhjólin verið þannig staðsett að fremra bifhjólið var nær vegkantinum en það aftara nær miðju en bæði hjólin hafi verið á réttum vegarhelmingi.

Vitnið sagði einnig að þeir hafi sett töluna 114 fasta í ratsjána áður en ákærði var stöðvaður og var honum sýnd talan á skjánum.

Vitnið kvaðst hafa sótt námskeið í meðferð ratsjár.

Vitnið Eiríkur Hallgrímsson varðstjóri kom fyrir dóm 13. maí 1985.

Hann sagði að þeir Guðmundur Hartmannsson aðstoðarvarðstjóri hafi haft afskipti af akstri ákærða í Þrengslum og hafi ákærði ekið öðru hjóli af tveim sem þarna voru á ferð og ekið á undan hinu. Hafi ákærði ekið framhjá lögreglubifreiðinni sem vitnið ók. Hann hafi sett rauð blikkljós á bifreiðina til að gefa ökuðmönnum merki um að stansa, en líklega hafi hann stöðvað bifreiðina eftir að hann hafði kveikt á rauðu blikkljósunum og ekið að miðlinu vegar. Hafi ákærði stöðvað bifhjól sitt og komið til lögreglumannanna þegar hann sá að samferðamaður hans stansaði hjá þeim.

Vitnið kvaðst ekki muna hvað ákærði mældist á mikilli ferð í ratsjónni, en hjólin hefðu komið eftir veginum og hafi annar verið á undan en ökuðmenn hafi verið að koma út úr aflíðandi beygju á veginum og verið á leið upp brekku og blikkaði ratsjain ekki meðan hún mældi hraða hjólanna, en það þýðir að hjólin hafi verið á sömu ferð.

Vitnið gerði engar athugasemdir við skýrslur vitnisins Guðmundar Hartmannssonar frá 7. júní 1984 og 13. september s.á.

Vitnið kvaðst ekki hafa sótt námskeið í meðferð ratsjár.

Ákærði kom fyrir dóm 21. ágúst 1984. Þar kvað hann lögregluskýrslu frá 7. júní 1984 rétta en hafnaði boði dómara um dómsátt vegna brots er fjallað er um í þessum kafla og vegna brots þess er greinir í 2. tl. ákæru.

Hann kom síðan fyrir dóm þ. 13. maí 1985 og kvaðst hafa ekið bifhjólinu R-31084 norður Þrengslaveg þann 7. júní uns hann var stöðvaður af lögreglu sunnan við Sandfell. Ögmundur Birgisson hafi verið með honum á ferð og hafi Ögmundur ekið á meiri ferð en ákærði og á undan honum. Taldi ákærði að Ögmundur hafi verið u.þ.b. 100 metrum á undan sér þegar kveikt hefðu verið viðvörnarljós á lögreglubifreiðinni sem hafi verið kyrrstæð úti í vegarkanti um 1000 metrum framan við ákærða en þá kveðst

ákærði hafa litið á hraðamæli bifhjóls síns sem hafi sýnt 95 km hraða miðað við klst. og kveðst ákærði ekki hafa ekið hraðar.

Vitnið Ögmundur Birgisson kom fyrir dóm 18. september 1985. Hann kvaðst hafa verið á bifhjóli ásamt ákærða fimmtudaginn 7. júní 1984, og hafi þeir ekið frá Stokkseyri áleiðis til Reykjavíkur uns þeir voru stöðvaðir af lögreglu á Þrengslavegi. Vitnið kvað ákærða hafa verið á undan sér en það hafi nálgast hjól ákærða er aðvörunarljós lögreglubifreiðarinnar voru kveikt, og þá strax numið staðar og ákærði einnig.

Vitninu var kynntur framburður ákærða og lögreglumannanna og hélt vitnið fast við framburð sinn og kvað ákærða hafa verið aðeins á undan og að ákærði hafi ekið aðeins framhjá lögreglubifreiðinni áður en hann stansaði og snéri við.

Í þessum lið ákæru er ákærða gefið að sök að hafa „ekið með allt að 114 km hraða norður Þrengslaveg ...“ Enda þótt ekki komi fram í ákærunni að miðað sé við fjölda kílómetra á klukkustund þykja mistök þessi ekki koma að sök enda miðaðist vörn ákærða við að hraði ákærða væri ætlaður með þessum hætti sbr. 3. mgr. 118. gr. laga nr. 74/1974.

Þá athugast að í ákærulið þessum er atferli ákærða talið varða við 2. mgr. 50. gr. sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 40, 1968 sbr. lög nr. 51, 1976 í stað laga nr. 54, 1976.

Málið var reifað í vörn með hliðsjón af því að pennaglop hefðu orðið við útgáfu ákæru og þykja því mistök þessi við gerð ákæru ekki koma að sök sbr. 3. mgr. 118. gr. laga nr. 74/1974.

Þrátt fyrir neitun ákærða þykir nægjanlega sannað að hann hafi gerst sekur um háttsemi þá sem honum er gefin að sök í þessum ákærulið og telst brot hans varða við 2. mgr. 50. gr. sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 40, 1968, sbr. lög nr. 54/1976.

Um ákærulið 2.

Laugardaginn 14. júlí 1984 kl. 22:40 voru lögreglumenn staddir við bensín-söluna við Óseyrarbraut í Þorlákshöfn. Í skýrslu Jóns Sigfússonar, lögregluþjóns nr. 14, dagsettri 14. júlí 1984 segir að ökumaður bifhjólsins R-31084 hafi ekið suður Óseyrarbraut í Þorlákshöfn. Ratsjá af gerðinni Kustom KR 10 var í lögreglubifreiðinni X-9 sem var kyrrstæð við bensínstöðina við Óseyrarbraut og var hraði bifhjólsins skv. henni 144 km miðað við klukkustund, en heimill ökuhraði þarna var 50 km miðað við klukkustund.

Í skýrslu vitnisins Þorgríms Óla Sigurðssonar, lögregluþjóns nr. 10, hjá lögreglufulltrúa dags. 13. september 1984 segir að hann hafi verið við umferðareftirlit ásamt lögregluþjóni nr. 14, Jóni Sigfússyni, á lögreglubifreiðinni X-9. Þeir hafi verið staddir í Þorlákshöfn, ekið norður Óseyrarbraut og inn að söluskálanum þar. Stöðvaði lögregluþjónn nr. 14 bifreiðina

við dyr söluskálans þannig að hún sneri til norðurs þar sem útsýni er yfir veginn inn í þorpið. Vitnið brá sér inn í söluskálann og var þar nokkra stund, fór síðan út aftur og talaði þá við lögregluþjón nr. 14 í gegnum hliðarglugga bifreiðarinnar en rúðan var niðurskrúfuð. Þá benti lögregluþjónnr. 14 vitninu á bifhjól sem ekið var inn í þorpið á miklum hraða. Í sama mund heyrðist viðvörunarhljóð í ratsjónni í bifreiðinni og sáu þeir báðir tölurnar á skerminum, þ.e. 144 km. Vitnið sá ekki aðrar tölur, því hann flýtti sér inn í bifreiðina og fóru þeir síðan á eftir ákærða.

Vitnið sagði að þegar ratsjain greip hraða bifhjólsins hafi það verið á móts við fiskhús Glettings hf. Vitnið kvað þá hafa komið að þar sem öku- maður og farþegi bifhjólsins voru að ganga heim að húsi nr. 15 við Skálholtsbraut. Vitnið talaði við ákærða sem hafi neitað hraðakstri og sagst hafa verið á löglegum hraða. Einnig að lögreglumennirnir hefðu ekki getað mælt hraða bifhjólsins vegna staðsetningar lögreglubifreiðarinnar.

Ákærði var fluttur á lögreglustöðina á Selfossi.

Vitnið kveðst hafa sótt námskeið í meðferð ratsjár og ekki vera í vafa um að mælingin var rétt, hins vegar hafi ratsjain verið þannig stillt að tölurnar héldust ekki inni í skjánum og gátu lögreglumenn því ekki sýnt ákærða tölurnar.

Vitnið Jón Sigfússon, lögregluþjónnr. 14, gaf skýrslu hjá lögreglufulltrúa þ. 13. september 1984. Þar segir m.a. að vitnið hafi verið stött í lögreglubifreiðinni við söluskálann við Óseyrarbraut og hafi bifreiðin snúið til norðurs þannig að vel sást til ökutækja sem komu inn í þorpið úr norðri. Eftir stutta stund hafi lögregluþjónnr. 10 komið að bifreiðinni og talað við vitnið gegnum gluggann, sem var opin. Í því að hann kom að bifreiðinni heyrðist hljóð í ratsjónni og sáu þeir báðir töluna á skermi ratsjárinnar og var hraðatalan þá 144 km. Þá hafi eitt ökutæki verið að koma úr norðri, bifhjólið R-31084. Þar sem ratsjain var þannig stillt að hún hélt tölunni ekki í sér þá hvarf talan af skjánum um leið og hjólið fór framhjá. Þegar ratsjain sleppti hjólinu var hraði þess kominn niður í 132 km, sagði í skýrslu vitnisins. Lögregluþjónnr. 10 kom strax inn í bifreiðina og ók vitnið á eftir hjólinu sem var horfið en þeir sáu það er vestar var komið og þeir sáu inn í enda Skálholtsbrautar. Voru ákærði og farþegi að ganga frá hjólinu heim að húsinu. Lögregluþjónnr. 10 talaði við fólkið og kom með öku Manninn út í bifreiðina en hann var fluttur á lögreglustöðina á Selfossi. Þar var hald lagt á ökuskipteini ákærða. Ákærði kvaðst hafa komið á löglegum hraða inn í þorpið.

Vitnið Ína Björg Guðmundsdóttir gaf skýrslu hjá lögreglufulltrúa 14. september 1984 en hún var farþegi á hjóli ákærða 14. júlí 1984.

Hún kvaðst ekki hafa séð á hraðamæli bifhjólsins og ekki telja að það hafi verið á miklum hraða þegar það kom inn í Þorlákshöfn.

Vitnið Jón Sigfússon, lögregluþjónn nr. 14, kom fyrir dóm 13. maí 1985 og skýrði frá atvikum á sömu lund og í skýrslu hjá lögreglufulltrúa 13. september 1984. Vitnið Þorgrímur Óli Sigurðsson hafi staðið við hurð ökumanns þegar ratsjain gaf hljóðmerki og tók vitnið þá eftir hjólinu, sem var á leið inn í þorpið.

Vitnið kvaðst hafa vakið athygli Þorgríms Óla á þessu og hafi hann þarna séð þá tölu sem fyrst kom inn á ratsjárskjáinn, en vitnið sagði að hún hafi verið 144 km miðað við klukkustund. Vitnið kvaðst ekki hafa fest töluna í radarnum vegna mistaka.

Vitnið kvað ökumann mjög hafa dregið úr hraða eftir að hann kom inn í ratsjána en vitnið veitti ákærða eftirför að heimili hans. Fengu þeir fyrir-mæli um að leggja hald á skirteini ákærða en hann mótmælti því og var fluttur á lögreglustöðina á Selfossi.

Vitnið tók m.a. fram að bifreiðin X-9 sé Volvo fólksbifreið sem ekki er auðkennd sem lögreglubifreið og því vafasamt að ákærði hafi getað áttað sig á að um lögreglubifreið væri að ræða þegar hann ók framhjá söluskálanum við Óseyrarbraut.

Vitnið Þorgrímur Óli Sigurðsson, lögregluþjónn nr. 10, kom fyrir dóm 13. maí 1985. Hann kvaðst hafa verið að tala við ökumann í X-9 þegar hann vakti athygli vitnisins á því að bifhjól kom inn í þorpið og var í u.þ.b. 1000 - 2000 metra fjarlægð eða rétt við það að koma að þeim húsum sem eru yst í þorpinu. Þegar bifhjólið var komið á móts við fiskverkunarhús Glettings kom bifhjólið inn á ratsjána. Þá stóð vitnið enn við hurð bifreiðarstjóra og þar stóð kvaðst vitnið hafa séð á ratsjárskerminn og minnti að þar hafi staðið 141 km miðað við klukkustund. Fór vitnið í farþegasætið og var þá talan dottin út af ratsjárskermnum og sagði Jón vitninu að hraðinn hefði farið niður í 113 km m.v. klukkustund á þeim tíma.

Vitnið kvað Jón ekki hafa fest neina tölu inn á ratsjárskerminn.

Vitnið kvaðst vissu um að ratsjain hafi verið stillt þannig að hún mældi miðað við að bifreiðin væri kyrrstæð.

Þeir hófu eftirför og hittu ákærða fyrir við Skálholtsbraut 15 og viður-kenndi hann að hafa ekið bifhjólinu en kvaðst hafa verið á löglegum hraða.

Vitnið Ína Björg Guðmundsdóttir kom fyrir dóm 18. september 1985. Hún kvaðst hafa verið farþegi á bifhjólinu R-31084 þar sem því var ekið laugardaginn 24. júlí 1984 (sic) frá Reykjavík til Þorlákshafnar. Ákærði hafi verið ökumaður, þau hafi stansað á Skálholtsbraut 15 og þangað hefðu lögreglumenn komið og ákærði síðan farið með þeim á Selfoss. Hún kvað lögreglumann hafa spurt sig á hvaða hraða ákærði hefði ekið, sem vitnið kvaðst ekki hafa vitað um.

Ákærði kom fyrir dóm þ. 13. maí 1985. Hann kannaðist við að hafa verið á ferð 14. júlí 1984 og þá orðið fyrir afskiptum lögreglu sem hefði

borið það upp á hann að hann hafi ekið bifhjólinu R-31084 á 144 km hraða. Hann kvaðst hafa ekið inn í þorpið eftir Óseyrarbraut frá Reykjavík og ekið framhjá Söluskála Skeljungs, en þar stóð lögreglubifreið fyrir utan og lögreglumaður hafi verið að koma út úr skálanum og hafi hann gengið fram fyrir lögreglubifreiðina og farið síðan inn í bifreiðina farþegamegin og hafi hann verið kominn á móts við lögreglubifreiðina þegar lögregluþjónninn var kominn að bifreiðinni farþegamegin. Þá kvaðst ákærði hafa séð í gegnum hliðarrúðuna á lögreglubifreiðinni að sá lögregluþjónninn, sem sat undir stýri bifreiðarinnar, hafi verið með stórt blað í höndunum og verið að leggja það frá sér í aftursæti bifreiðarinnar þegar ákærði ók hjá. Ákærði kvaðst síðan hafa ekið heim til sín og skömmu síðar hafi lögregluþjónarnir á lögreglubifreiðinni komið og haft tal af ákærða og sagt honum að hann hefði ekið á yfir 100 km hraða m.v. klukkustund og óskaði þá ákærði eftir að fá að sjá töluna á radarnum, en engu tölu hafi verið að sjá á radarskjánum þegar þeir sýndu ákærða á skjáinn. Lögregluþjónarnir hefðu þó sagt að þeir hefðu séð ákærða aka hratt, og sagði ákærði að lögregluþjónarnir hefðu verið með kjaft og læti við sig og lagt að honum að viðurkenna að hann hefði ekið langt yfir löglegum hámarkshraða. Var ákærði fluttur á lögreglustöðina á Selfossi og þar var hald lagt á ökuskírteini hans. Hann kvaðst hafa fengið samrit ökuskírteinis í Reykjavík hjá lögreglustjóraembættinu.

Hann kvaðst telja að hann hafi ekið á 70 - 75 km hraða þegar hann ók um í Þorlákshöfn í framangreint sinn 14. júlí 1984 og hafa lítið á hraðamæli hjólsins um leið og hann ók framhjá lögreglubifreiðinni.

Í þessum lið ákæru er ákærða gefið að sök að hafa ekið „með allt að 144 kílómetra hraða suður Óseyrarbraut í Þorlákshöfn“.

Enda þótt ekki komi fram í ákærunni að miðað sé við fjölda ekinna km á klst. þykja mistök þessi ekki koma að sök enda miðaðist vörn ákærða við að hraða ákærða væri ætlaður með þessum hætti sbr. lög 74/1974 3. mgr. 118. gr.

Þá athugast að í ákærulið þessum er atferli ákærða talið varða við 1. mgr. 50. gr. sbr. 80. gr. umferðarlaganna, en ætti að vera 1. mgr. 50. gr. sbr. l. nr. 16/1977 sbr. 80. gr. umfl. nr. 40/1968 sbr. lög nr. 54/1976.

Þetta þykir þó ekki koma að sök sbr. 3. mgr. 118. gr. laga nr. 74/1974.

Ákærði hefur haldið því fram að hraði hans í umrætt sinn hafi verið mun minni en getur í ákæruskjali enda þótt hann hafi ekið yfir löglegum ökuhraða.

Þrátt fyrir neitun ákærða þykir, þegar gögn málsins, einkum framburður lögreglumannanna Jóns Sigfússonar og Þorgríms Óla Sigurðssonar, eru virt, vera nægjanlega sannað að ákærði hafi gerst sekur um að aka á 144 km hraða miðað við klukkustund eftir Óseyrarbraut í Þorlákshöfn laugardagskvöldið 14. júlí 1984.

Þykir brot ákærða varða við 1. mgr. 50. gr. umferðarlaga nr. 40, 1968 sbr. 1. nr. 16, 1977 sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 40, 1968 sbr. lög nr. 54, 1976.

III.

Ákærði er sakhæfur.

Hann hefur sætt kærur og refsingum sem hér segir:

- 1978 í Árnessýslu. Uppvís að broti gegn 1. mgr. 259. gr. hgl. Ákæru frestað skilorðsbundið í tvö ár frá 26.04. 1978.
- 1979 6/2 í Árnessýslu. Sátt 45.000,00 kr. sekt f. brot g. 2. mgr. umfl. og 1. mgr. 24. gr. áfl. Sviptur ökuleyfi í 3 mán. frá 08.02. 1979.
- 1981 31/3 í Árnessýslu. Dómur: 1500 kr. sekt f. brot gegn 2. mgr., sbr. 3. mgr. 25. gr. umfl. og 1. mgr. 24. gr. áfl. Sviptur ökuleyfi í 6 mán. frá 26.09. 1983.
- 1983 4/11 í Reykjavík. Sátt: 4.000,00 kr. sekt f. brot gegn 49. gr. 50. gr. umfl. Sviptur ökuleyfi í 2 mán. frá 26.09. 1983.

Refsing ákærða ákveðst með hliðsjón af 77. gr. almennra hegningarlaga og þykir hæfilega ákveðin kr. 20.000,00 sekt í ríkissjóð.

Þá ber með vísan til 81. gr. 1. mgr. umferðarlaga að svipta ákærða ökuleyfi en með því að ákærði var sviptur ökuréttindum til bráðabirgða frá 21. ágúst 1984 og hún felld niður 20. mars 1985 þykir ekki ástæða til að gera honum að sæta frekari sviptingu nú.

Eftir þessum úrslitum þykir bera að dæma ákærða til að greiða allan kostnað sakarinnar, þar á meðal þóknun skipaðs verjanda síns, Kjartans Reynis Ólafssonar hrl., kr. 20.000,00.

Allan V. Magnússon héraðsdómari kvað upp dóm þennan.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Ómar Örn Sæmundsson, greiði kr. 20.000,00 í sekt til ríkissjóðs og komi 14 daga varðhald í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákærði skal sviptur ökuréttindum í 7 mánuði frá 21. ágúst 1984.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Kjartans Reynis Ólafssonar hrl., kr. 20.000,00.